



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 14. febrúar 2019

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, 233. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis þann 29. janúar s.l. var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 233. mál sem varðar breytingar á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð nr. 111/2016.

Með frumvarpinu er ætlunin að rýmka heimildir til nýtingar á viðbótariðgjaldi sem sett er í séreign til íbúðarkaupa en ætla má að almennt sé samstaða í þjóðfélaginu um að nauðsynlegt sé að liðka fyrir möguleikum fólks til að kaupa íbúðarhúsnæði.

Í umsögn LL um frumvarp það sem varð að lögum nr. 111/2016 er tekið fram að samtökin eru almennt á móti inngripum í lífeyrissparnað en tilgangur hans er að bæta eftirlaun á efri árum. Hins vegar ber að líta til þess að hér er um að ræða umbreytingu á sparnaði og honum beint til íbúðarkaupa. Það að leggja fyrir og greiða niður íbúðaskuldir er hluti af sparnaði einstaklinga sem getur eftir atvikum nýst á efri árum.

Þessi umbreyting á sparnaðarforminu er þó ekki gallalaus þar sem þess má vænta að einhverjir muni ekki eiga þennan sparnað þegar kemur að ellilífeyrisaldri auk þess sem eigið fé í íbúðarhúsnæði er ekki undanþegið aðför skuldheimtumanna eins og raunin er um viðbótarlífeyrissparnað, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.


Fyrir liggur að það er stjórnvalda á hverjum tíma að ákveða til hvaða hópa samfélagsins sé þörf á að beina stuðningi sérstaklega með skattalegum hvötum. Með frumvarpi þessu er aukið á skattalega hvata til íbúðarkaupa. LL telja rétt að benda á að ákveðin hætta kunni að vera á að skattahagræðið nýtist öðrum en þeim hópi sem ætlunin er að styðja við. Með því að rýmka heimildina umfram fyrstu kaup og setja sem skilyrði að hafa ekki átt húsnæði í 3 ár eða lengur þegar kemur að kaupum er úrræðið opið til framtíðar fyrir alla sem einhverra hluta vegna hafa eða munu selja fasteignina sína og ekki kaupa aðra fyrir en að þremur árum liðnum. Ætla má að þessi hópur sé ekki einskorðaður við aðila sem eiga í erfiðleikum með að komast aftur inn á fasteignamarkaðinn.

Með frumvarpinu er lagt til að rýmka skattaafsláttinn og láta hann ná yfir 3,5% framlag launagreiðanda sem nú fer að jafnaði samkvæmt kjarasamningum í samtryggingu eða í tilgreinda séreign. Þessi hækkun á iðgjaldi er ekki lögbundin og því ekki allir sem njóta þessa

framlags. Auk þess sem margir sem fá slíkt framlag hafa ekki kosið að leggja það í séreignarsjóð. Einnig virðist sem frumvarpið opni á möguleika ákveðinna einstaklinga til að nýta skattalega hvata frá árinu 2014 á iðgjald sem hefur farið í séreign en tilheyrir lágmarksiðgjaldi. Öðrum sem hafa greitt í samtryggingu byðist ekki slíkur skattalegur hvati. Hér þyrfti að gæta að jafnræði einstaklinganna.

Að lokum vilja LL taka fram að samtökin eru ekki mótfallin rýmkun á heimildinni til að nýta viðbótariðgjald til íbúðarkaupa en telja mikilvægt að áhrifin verði greind nánar og þá einkum að tryggt sé að ekki sé gengið of nærri lífeyrisréttindum fólks.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri